

Starfsreglur stjórnar SSÍ

Á stjórnarfundi 17. desember 2020 samþykkti stjórn Sundsambands Íslands að setja sér eftirfarandi starfsreglur:

1. grein. Skipan stjórnar

Eins og stendur í lögum og reglum SSÍ skal stjórn SSÍ skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju sundþingi. Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára.

Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum. Stjórn samþykkir skipan framkvæmdastjóra.

Á fyrsta stjórnarfundi nýrrar stjórnar verður farið yfir lög sambandsins.

2. grein. Hagsmunatengsl

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu greina stjórn félagsins frá hagsmunatengslum, hvort heldur persónulegum sem og viðskiptalegum, sem valdið geta vanhæfi þeirra við störf stjórnarinnar og afgreiðslu tiltekinna mála.

3. grein. Skipting starfa innan stjórnar

Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

- Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns.
- Formaður/framkvæmdastjóri skulu tryggja að nýir stjórnarmenn fái upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnarinnar, lögum og málefnum sambandsins og helstu þáttum er varða stjórnun þess.
- Mikilvægt er að samskipti innan stjórnar séu opin og hreinskiptin.

4. grein. Verksvið stjórnar

Hver sá sem kjörinn er til stjórnarsetu innan SSÍ (Sundsambands Íslands) skal rækja skyldur sínar sem stjórnarmaður af heilindum og hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa, sem slík seta krefst. Stjórnarmanni er skylt að upplýsa um aðstæður sem gætu valdið mögulegu vanhæfi hans við störf. Jafnframt er honum skylt að koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og sambandsins.

Formaður skal sjá um að rituð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.

Stjórnarmenn skulu:

- Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig, enda eiga stjórnarmenn ekki sérstaklega að gæta hagsmuna þeirra aðila sem studdu þá til stjórnarsetu.
- Hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi SSÍ.
- Hafa skilning á markmiðum og verkefnum SSÍ svo og skilning á því hvernig þeir eiga að haga störfum sínum í stjórninni til að stuðla að því að þessi markmið náist.
- Óska eftir og kynna sér öll þau gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að hafa fullan skilning á rekstri SSÍ og til að taka upplýstar ákvarðanir.
- Sjá til þess að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
- Fullvissa sig um að þess sé jafnan gætt að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt í rekstri.
- Stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.
- Hafa nægan tíma til að sinna starfi sínu af heilindum.

5. grein. Starfsreglur

- Stjórnarmaður skal tryggja að skoðanir hans tengdar einstökum málum séu skráðar í fundargerð sé hann ósáttur við ákvarðanatöku meirihluta stjórnar.
- Ef ósætti er ástæða afsagnar stjórnarmanns skal hann tilgreina það í skriflegri yfirlýsingu til stjórnar.
- Ef ákvarðanir stjórnar varða málefni einstakra stjórnarmanna, t.a.m. ákvarðanir sem tengjast aðildarfélögum sem þeir tengjast, er rétt að slíkar ákvarðanir séu teknar af óháðum stjórnarmönnum. Að auki skulu viðkomandi stjórnarmenn víkja af stjórnarfundi á meðan stjórnin tekur afstöðu til slíkra málefna. Stjórnarmaður skal upplýsa það um leið og málefni af þessu tagi koma upp svo og ef hann verður þess var að hann geti ekki talist óháður stjórnarmaður.

6. grein. Þagnar- og trúnaðarskylda

- Stjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um málefni sambandsins, hagi starfsmanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn samkvæmt samþykktum stjórnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.